



Eftirfylgni:
Frumgreinakennsla íslenskra skóla

Mars 2015

Efnisyfirlit

Niðurstöður	3
1 Inngangur	5
2 Frumgreinakennsla íslenskra skóla.....	6
2.1 Útdráttur úr skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2012	6
2.2 Viðbrögð við ábendingum	7
2.3 Afdrif málsins og mat á viðbrögðum	8
2.4 Álitamál	9

Niðurstöður

Í skýrslunni *Frumgreinakennsla íslenskra skóla* (maí 2012) lýsti Ríkisendurskoðun áhyggjum sínum af óljósri og um margt sérstæðri stöðu frumgreinanáms hér á landi. Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst og Keilir ehf. í samstarfi við Háskóla Íslands höfðu þá boðið slíkt nám um nokkurt skeið.

Bent var á að frumgreinanámið væri að inntaki, skipulagi og markmiði hliðstætt framhaldsskólanámi og miðaði fyrst og fremst að því að búa nemendur undir háskólanám. Að auki greiddi ríkið eða lánaði fyrir nær öllum kostnaði sem af því hlytist með beinum fjárframlögum til skólanna, námssamningum Vinnumálastofnunnar eða kostnaðarhlutdeild sinni í útlánum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Af þessum sökum orkaði tvímælis að skólarnir byggðu kennsluna á lögum nr. 63/2006 um háskóla og sinntu henni án beinnar aðkomu yfirvalda menntamála og án þess að í gildi væru almennar reglur um námið.

Í skýrslunni beindi Ríkisendurskoðun tveimur ábendingum til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Annars vegar lagði stofnunin til að frumgreinanámið yrði felld með skýrum hætti að almennu framhaldsskólanámi. Nærtækast væri að fella það undir lög um framhaldsskóla og veita mennta- og menningarmálaráðuneyti ábyrgð á stefnu-mótun, stuðningi og eftirliti með því. Hins vegar benti stofnunin á að stæði vilji menntayfirvalda til að viðhalda náminu sem sérstökum valkosti í íslensku menntakerfi væri mikilvægt að lagaumgjörð þess yrði bætt. Í viðbrögðum sínum tók mennta- og menningarmálaráðuneyti undir það sjónarmið Ríkisendurskoðunar að tryggja þyrfti „samhengi“ frumgreinanáms og framhaldsskólanáms. Jafnframt benti það á að fyrirhugaðar væru breytingar á lagaumgjörð frumgreinanámsins samhliða endurskoðun á lögum um háskóla. Næðu þær fram að ganga yrði framtíðarskipulag þess tryggt.

Með lögum nr. 67/2012 um breytingu á lögum um háskóla var möguleikum viðurkenndra háskóla að bjóða nemendum aðfaranám að háskólanámi viðhaldið en það nýmæli tekið upp að ráðherra var heimilað að setja reglur um slíkt nám. Í kjölfar laga-breytingarinnar voru slíkar reglur mótaðar í samráði við þá skóla sem buðu frumgreinanám og þær birtar 9. desember 2013 sem reglur nr. 1266/2013 um aðfaranám að háskólanámi. Þar er m.a. kveðið á um fyrir hvaða nemendahóp námið sé hugsað, að það skuli skipulagt í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti og byggi á þeim hæfnisþrepum sem lýst er í aðalnámskrá framhaldsskóla.

Ríkisendurskoðun telur að með þessum reglum hafi mennta- og menningarmálaráðuneyti komið til móts við ábendingar stofnunarinnar. Frumgreinanámið hefur verið felld með skýrum hætti að almennu framhaldsskólanámi og lagaumgjörð þess verið bætt. Sömuleiðis hefur Alþingi staðfest þá afstöðu sína að háskólum skuli heimilt að bjóða nám á framhaldsskólastigi eða eiga samstarf við aðrar stofnanir um aðfaranám að háskólanámi. Vegna þessa telur Ríkisendurskoðun ekki þörf á að ítreka ábendingar sínar.

Kennslunni sinni án beinnar aðkomu yfirvalda

Tveimur ábendingum beint til ráðuneytisins

Reglur um frumgreinanám settar í desember 2013

Komið hefur verið til móts við ábendingarnar

Enn eru nokkur álitamál um frumgreinanámið

Enn standa þó eftir ýmis álitamál um frumgreinanámið sem rekja má til óvenjulegrar stöðu þess innan menntakerfisins, sem sífellt almennara nám á framhaldsskólastigi á vegum háskóla. Þótt námið skuli nú skipulagt í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla er það faglega enn á ábyrgð einstakra háskóla. Það er einnig háskólanna sjálfra að meta hvort námið uppfyllir þær undirbúningskröfur sem einstakar deildir þeirra gera til væntanlegra nemenda. Þá hafa þeir enn ekki samið um gagnkvæma viðurkenningu þess.

Meta þarf gæði og árangur námsins

Í þessu sambandi ber einnig að geta þess að enn hefur ekki verið gerð heildstæð og óháð úttekt á gæðum og árangri frumgreinakennslu íslenskra skóla. Af þessum sökum er óhægt um vik að meta og bera saman starfsemi frumgreinadeildanna innbyrðis eða með hliðsjón af almennu framhaldsskólanámi. Slík úttekt væri sérstaklega þörf vegna þeirra breytinga sem eru fyrirhugaðar á starfsumhverfi framhaldsskólanna. Þar ber sérstaklega að hafa í huga styttingu námstíma til lokaprófs á framhaldsskólastigi og aukna áherslu á að framhaldsskólar mæti fyrst og fremst óskum nemenda undir 25 ára aldri um skólavist. Vegna þeirra reglna sem nú hafa verið innleiddar um aðfaranám að háskólanámi og kveða m.a. á um 25 ára aldursviðmið sem inntökuskilyrði í námið má vænta þess að aðsókn nemenda að náminu muni aukast á komandi árum.

Lánveitingar LÍN vegna námsins fara á svig við lög

Einnig ber að geta þess að nemendur frumgreinadeilda hafa hingað til notið lánaþyrri-greiðslu Lánasjóðs íslenskra námsmanna þó að slíkt fari á svig við lög nr. 21/1992 um lánasjóðinn. Stjórn sjóðsins hefur lýst því yfir að frá og með námsárinu 2015–16 verði lánveitingar til frumgreinanáms lagðar af liggi þá ekki fyrir fullnægjandi lagaheimild til þess. Mikilvægt er að mennta- og menningarmálaráðuneyti taki skýra aftöðu til þessa máls og tryggji að farið sé að lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna eða beiti sér fyrir því að þeim sé breytt.

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun Alþingis og sækir heimild sína til stjórn-sýsluendurskoðunar í 9. gr laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Slík endurskoðun felst í því að kanna meðferð og nýtingu á almannafé, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri ríkisstofnana og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í því sam-bandi. Ríkisendurskoðun gerir hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum, vekur athygli á því sem hún telur að hafi farið úrskeiðis í rekstri og bendir á hvað athuga þurfi með tilliti til úrbóta.

Í samræmi við staðal Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) um stjórn-sýsluendurskoðun (ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun hverri úttekt sinni eftir með sjálf-stæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum hennar. Í því sambandi leggur stofnunin megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi. Slík eftirfylgni fer alla jafna fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslu.

Í þessari úttekt fylgdi Ríkisendurskoðun eftir skýrslunni *Frumgreinakennsla íslenskra skóla* (maí 2012). Leitast var við að meta hvort og þá með hvaða hætti mennta- og menningarmálaráðuneyti hefði brugðist við þeim tveimur ábendingum sem beint var til þess í skýrslunni.

Við mat á því hvort ábendingar Ríkisendurskoðunar hefðu leitt til æskilegra umbóta var aflað upplýsinga hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti sem einnig fékk drög að skýrslunni til umsagnar.

Ríkisendurskoðun þakkar þeim sem veittu upplýsingar og aðstoð við gerð úttektar-innar.

Stjórn-sýsluendur-skoðun byggir á 9. gr. laga um Ríkis-endurskoðun

Eftirfylgni þremur árum frá útgáfu skýrslu

2 Frumgreinakenntsla íslenskra skóla

2.1 Útdráttur úr skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2012

Í skýrslunni [Frumgreinakenntsla íslenskra skóla](#) (maí 2012) gerði Ríkisendurskoðun grein fyrir niðurstöðum úttektar sinnar á frumgreinakenntslu Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Bifröst og Keilis ehf. sem bauð nemendum slíka kenntslu í samstarfi við Háskóla Íslands. Við úttektina var lögð megináhersla á að greina lagalegt umhverfi frumgreinanáms sem og skipulag í hverju tilviki. Auk þess var gerð grein fyrir fjármögnun þessarar námsleiðar og þá einkum beinum og óbeinum fjárframlögum ríkisins vegna hennar.

Námið nýtur sérstöðu í íslensku skólakerfi

Ríkisendurskoðun komst að þeirri niðurstöðu að frumgreinanám hefði um margt sérstöðu í íslensku skólakerfi. Það væri í öllum höfuðatriðum, bæði hvað varðaði skipulag og inntak, á framhaldsskólastigi og sniðið að þörfum nemenda sem hyggðu á háskólanám. Því lyki samt ekki með formlegu framhaldsskóla-, starfsréttinda- eða stúdentsprófi og færi fram á vegum eða í samstarfi við innlenda háskóla sem annaðhvort settu eða staðfestu reglur um námið og ábyrgðust gæði þess. Háskólarnir hefðu þó ekki gert með sér samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu þess.

Þessi sérstaða frumgreinanámsins endurspegladist í lagalegri stöðu þess sem Ríkisendurskoðun taldi afar óheppilega. Það lyti ekki yfirstjórn mennta- og menningarmálaráðuneytis og félli hvorki undir lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla né aðalnámskrá þeirra. Grundvöllur þess væri ákvæði í lögum nr. 63/2006 um háskóla sem heimilaði slíkum skólum að bjóða „aðfaranám fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla inntökuskilyrði háskóla“. Hvorki í lögnum sjálfum né athugasemdum við þau væri þó vikið að eðli eða inntaki námsins. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar var að eðlilegast væri að fella námið undir lög um framhaldsskóla og aðalnámskrá þeirra.

Upphaflega hugsað sem sértækt úrræði fyrir afmarkaðan hóp

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kom fram að frumgreinanám hefði upphaflega verið hugsað sem sértækt úrræði fyrir tiltölulegan lítinn og afmarkaðan hóp iðnskólagegginna einstaklinga sem hugðu á verk- eða tækninám á háskólastigi en skorti nauðsynlegan grunn í tilteknum bóknámsgreinum. Á síðustu árum hefði þróunin orðið sú að Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst og Keilir byðu sífellt almennari undirbúning fyrir háskólanám undir formerkjum frumgreinanáms. Námið hefði því tekið á sig mynd óformlegrar hliðstæðu stúdentsprófs og höfðaði mest til þess hóps námsmanna sem áður sótti öldungadeildir eða kvöldskóla framhaldsskólanna. Aðsókn að slíku námi hefði minnkað að sama skapi.

Árið 2012 hefði frumgreinanám enn fremur orðið æ veigameiri þáttur almennrar fullorðinsfræðslu og í sumum tilfellum verið skilgreint sem eitt af vinnumarkaðsúrræðum stjórnvalda. Vinnumálastofnun hefði því tekið þátt í fjármögnun þess með sérstökum námssamningum við skjólstæðinga sína þó að ekki væri um „starfstengt nám“ að ræða heldur þvert á móti undirbúning fyrir frekara nám. Eins hefði Lánasjóður íslenskra

námsmanna metið frumgreinanám lánshæft og hefði reynslan sýnt að langflestir nemenda tækju námslán til að fjármagna skólagjöld og framfærslu sína á námstímanum.

Auk útgjalda Vinnumálastofnunar vegna námssamninga um frumgreinanám og kostnaðarhlutdeildar ríkisins í útlánum Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna frumgreinanáms fengu Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst og Keilir bein fjárframlög úr ríkissjóði vegna kennslunnar. Ríkissjóður greiddi því ýmist eða lánaði fyrir nær öllum kostnaði sem af náminu hlaut, bæði þeim sem féll á nemendur og skólana. Vegna þessa taldi Ríkisendurskoðun eðlilegt að yfirvöld menntamála hefðu áhrif á inntak þess, umfang og þróun á faglegum grundvelli.

Í skýrslunni kom fram að Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst og Keilir hefðu sett skýrar reglur um frumgreinanámið, framvindu þess, inntökuskilyrði, prófkröfur og námslok. Þessar reglur hefðu á sínum tíma verið kynntar mennta- og menningarmálaráðuneyti sem staðfesti þær þó ekki þar sem námið heyrði ekki undir yfirstjórn þess. Þrátt fyrir ólíkar áherslur hefðu allir skólarnir lagt sig fram um að skipuleggja námið þannig að það samrýmdist lögum og aðalnámskrá framhaldsskóla. Til að mynda hefði í öllum tilvikum verið notast við sama einingakerfi og í framhaldsskólum og eins hefðu sambærilegar menntunarkröfur verið gerðar til kennara. Engin frumgreinadeildanna þriggja fylgdi þó því meginviðmiði flestra framhaldsskóla að stúdentsprófsnemendur lykju 240 framhaldsskólaeiningum og einungis frumgreinadeild Háskólans á Bifröst hafði tekið upp þá lágmarkskröfu aðalnámskrár framhaldsskóla að nemendur lykju a.m.k. 200 einingum.

Í skýrslunni var lögð sérstök áhersla á mikilvægi skýrs lagaramma og aukinnar faglegrar aðkomu mennta- og menningarmálaráðuneytis að náminu vegna vaxandi aðsóknar að því og fjölbreyttara fyrirkomulags. Þá var ráðuneytið hvatt til að taka alvarlega vísbendingar um að nemendur frumgreinadeildanna hefðu, þegar á heildina væri litið, ekki jafn góðar forsendur til að stunda almennt háskólanám og nemendur hefðbundinna framhaldsskóla. Ríkisendurskoðun taldi þó enga ástæðu til að efast um gildi og gagnsemi námsins í sjálfu sér fyrir nemendurna og eins væri þáttur þess í að efla menntun þeirra óumdeildur.

2.2 Viðbrögð við ábendingum

Meginniðurstaða Ríkisendurskoðunar sneri að því að skýra þyrfti óljósa stöðu frumgreinanáms í skólakerfinu. Sem aðfaranám að háskólanámi væri það í raun á framhaldsskólastigi en þó á vegum háskóla og hvíldi á heimild í lögum um háskóla. Vegna þessa beindi Ríkisendurskoðun tveimur ábendingum til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Sú fyrri laut að því að fella þyrfti frumgreinanámið með skýrum hætti að almennu framhaldsskólanámi og fela mennta- og menningarmálaráðuneyti ábyrgð á stefnumótun, stuðningi og eftirliti með því, líkt og öðrum námsleiðum á framhaldsskólastigi. Nærtækast væri að það heyrði undir lög um framhaldsskóla. Seinni ábendingin laut að því að bæta þyrfti lagaumgjörð frumgreinakennslunnar ef náminu yrði viðhaldið sem sérstökum valkosti í íslensku menntakerfi. Þannig yrðu hagsmunir allra hlutaðeigandi, ekki síst nemenda, tryggðir til lengri tíma litið.

Ríkið greiddi eða lánaði fyrir nær öllum kostnaði

Skýr lagarammi og aukin aðkoma ráðuneytis mikilvæg

Tveimur ábendingum beint til ráðuneytisins

Ráðuneytið benti á fyrirhugaðar lagabreytingar

Ríkisendurskoðun kynnti mennta- og menningarmálaráðuneyti ábendingar sínar í skýrsludrögum og kallaði eftir viðbrögðum þess sem síðan voru birt í lokagerð skýrslunnar. Ráðuneytið tók undir ábendingarnar og benti á að breytingar væru fyrirhugaðar á þágildandi lagaumgjörð frumgreinanámsins samhliða endurskoðun á lögum nr. 63/2006 um háskóla. Frumvarp til breytinga á þeim lögum væri í meðförum Alþingis og væri því ætlað að tryggja framtíðarskipulag frumgreinanámsins. Þar væri m.a. lagt til að við 19. gr laganna, sem m.a. veitti háskólum heimild til að bjóða aðfaranám, bættist svohljóðandi málslíður: „Ráðherra er heimilt að gefa út reglur um aðfaranám í háskólum.“ Í viðbrögðum sínum tók mennta- og menningarmálaráðuneyti skýrt fram að slíkar reglur yrðu settar í kjölfar nýrra laga. Þar með yrði báðum ábendingum Ríkisendurskoðunar mætt.

2.3 Afdrif málsins og mat á viðbrögðum

Hinn 20. júní 2012 sendi stjórn Félags framhaldsskólakennara frá sér [ályktun um skýrslu Ríkisendurskoðunar um frumgreinakennslu íslenskra skóla](#). Þar var úttektinni fagnað, tekið undir helstu niðurstöður hennar og skorað á menntamálaráðherra að fylgja eftir þeim ábendingum að „fella frumgreinanámið að almennu framhaldsskólanámi og bæta lagaumgjörð frumgreinakennslunnar“. Í ályktuninni skoraði stjórnin enn fremur á ráðherra að gefa út reglur um aðfaranám í háskólum í samræmi við þá breytingartillögu á lögum um háskóla sem lá fyrir Alþingi á þeim tíma. Þar yrðu gerðar „sömu kröfur til þess náms og gerðar eru til náms í framhaldsskólum um skiptingu náms á hæfniprep, inntak þess og umfang sem og um menntun kennara“.

Reglur settar um aðfaranám að háskólanámi

Skýrsla Ríkisendurskoðunar var rædd á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis í desember árið 2013. Í framhaldinu óskaði nefndin eftir upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti um hvort og þá hvernig ábendingum skýrslunnar hefði verið mætt og hvort settar hefðu verið reglur um námið. Í svari ráðuneytisins frá 30. janúar 2014 kom fram að lögum um háskóla hefði verið breytt á þá leið að ráðherra hefði frá 3. júlí 2012 heimild til þess að setja reglur um frumgreinanám. Slíkar reglur hefðu síðan verið mótaðar í samráði við þá skóla sem buðu slíkt nám og þær birtar 9. desember 2013 sem reglur nr. 1266/2013 um aðfaranám að háskólanámi. Ráðuneytið taldi að með þessari lagabreytingu og reglugerð hefði frumgreinanámið verið sett í „samhengi við almennt framhaldsskólanám“ og lagaumgjörð frumgreinakennslunnar verið bætt.

Samkvæmt reglum um aðfaranám að háskólanámi verður hver sá viðurkenndur háskóli sem hyggst bjóða slíkt nám að bera það undir mennta- og menningarmálaráðuneyti og leggja fram tillögur um „fyrirkomulag, samhengi og inntak náms í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla“. Þá er ráðuneytinu, samkvæmt reglunum, falið að veita leiðsögn við tillögugerðina.

Með reglunum er komið til móts við ábendingarnar

Reglurnar koma til móts við ábendingar Ríkisendurskoðunar frá árinu 2012 um að fella frumgreinanám að almennu framhaldsskólanámi og bæta lagaumgjörð þess. Þær kveða m.a. á um að aðfaranámið sé ætlað nemendum sem fullnægja ekki inntökuskilyrðum um stúdentspróf eða hafa lokið námi á framhaldsskólastigi en þurfa að bæta við sig þekkingu áður en til náms á háskólastigi kemur. Miðað er við að nemendur hafi lokið að minnsta kosti 140 framhaldsskólaeiningum og að þeir hafi náð 25 ára aldri. Þó

er veitt undanþága frá aldursviðmiðinu hafi nemandi áður lokið prófi á framhalds-skólastigi. Eins getur hluti þess lágmarkseiningafjölda sem er krafist byggt á raunfærni-mati.

Í reglunum felst líka sú nýjung að þar er gerð skýlaus krafa um að aðfaranám skuli ásamt fyrra námi mynda „200 eininga heild sem lýtur kröfum um kjarnagreinar til stúdentsprófs“ og byggja á „hæfniprepum sem lýst er í aðalnámskrá framhaldsskóla“. Auk þess skuli litið til „aðgangsviðmiða viðkomandi háskóla“. Þar að auki skulu skólar sem bjóða aðfaranám gefa út prófskírteini til staðfestingar á námslokum nemenda sem skal veita bæði yfirlit um aðfaranámið sjálf, fyrra nám og raunfærnimat. Skírtein-ið skal einnig „tilgreina uppröðun námsins á hæfniprep í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla, einstakar námsgreinar og áfangageiti og einkunnir áfanga“.

Með tilliti til alls þessa telur Ríkisendurskoðun ekki þörf á að ítreka þær ábendingar sem hún setti fram í skýrslu sinni árið 2012.

2.4 Álitamál

Þrátt fyrir áður nefndar breytingar standa enn eftir ýmis álitamál sem varða frum-greinanámið og rekja má til óvenjulegrar stöðu þess innan menntakerfisins. Þótt nám-ið skuli nú skipulagt í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti og með hlið-sjón af aðalnámskrá framhaldsskóla er það faglega séð enn á ábyrgð einstakra háskóla. Það er einnig háskólanna sjálfra eða einstakra háskóladeilda að meta hvort námið uppfyllir þær undirbúningskröfur sem gerðar eru til væntanlegra nemenda. Þá hafa háskólarnir enn ekki samið um gagnkvæma viðurkenningu þess. Reglurnar ættu þó að auðvelda slíkt og þar með að tryggja hagsmunum nemenda betur en ella.

Námið enn faglega á ábyrgð ein-stakra háskóla

Í þessu sambandi ber einnig að hafa í huga að engin heildstæð og óháð úttekt hefur farið fram á gæðum og árangri frumgreinakennslu íslenskra skóla. Þegar Ríkisendur-skoðun vann skýrslu sína árið 2012 höfðu einstakir skólar þó kannað ánægju og við-horf nemenda til frumgreinanámsins. Einnig hafði Háskóli Íslands kannað námsgengi nemenda sinna eftir því hvar þeir höfðu lokið framhaldsskólanámi eða jafngildi þess. Sú könnun náði m.a. til frumgreinadeilda Keilis og Háskólans í Reykjavík og gaf vís-bendingar um að fyrrum nemendur þeirra stæðu höllum fæti í samanburði við aðra nemendur háskólans.¹

Ekki verið gerð heildstæð úttekt á gæðum námsins

Síðan þá hefur Gæðaráð íslenskra háskóla birt [niðurstöður úttektar sinnar á Háskólan-um í Reykjavík](#) (september 2012) í samræmi við rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi. Sú úttekt tók m.a. til þess frumgreinanáms (*Preliminary Studies*) sem skólinn bauð. Mat Gæðaráðsins var að vel væri að frumgreinanáminu staðið frá sjónarhóli nemenda og að það styddi við þá alþjóðlegu áherslu sem lögð hefði verið á að efla raun- og tæknigreinar. Niðurstöður úttekta Gæðaráðsins á Háskólanum á Bifröst og Háskóla Íslands, sem ber faglega ábyrgð á frumgreinanámi Keilis, liggja ekki fyrir í ársbyrjun 2015.

¹ Enginn nemandi úr frumgreinadeild Háskólans á Bifröst hafði þá hafið nám við Háskóla Íslands.

Erfitt að bera deildir saman

Af framangreindum ástæðum er óhægt um vik að meta og bera saman starfsemi frumgreinadeildanna innbyrðis eða með hliðsjón af almennu framhaldsskólanámi. Slík úttekt væri sérstaklega þörf vegna þeirra breytinga sem eru fyrirhugaðar á starfs- umhverfi framhaldsskólanna. Þar ber meðal annars að hafa í huga styttingu náms tíma til lokaprófs á framhaldsskólastigi og aukna áherslu á að framhaldsskólar mæti fyrst og fremst óskum nemenda undir 25 ára aldri um skólavist. Vegna þessa má búast við að aðsókn nemenda að frumgreinanámi aukist á komandi árum. Mikilvægt er að tryggja hagsmuni þeirra sem best. Einnig er mikilvægt að taka tillit til þeirra einstaklinga sem hafa náð 25 ára aldri og vilja hefja háskólanám en uppfylla ekki inntökuskilyrði aðfaranáms að háskólanámi.

Loks ber að geta þess að nemendur frumgreinadeilda hafa hingað til notið láanafyrirgreiðslu Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Slíkt fer þó á svig við lög nr. 21/1992 um lánasjóðinn þar sem kveðið er á um að sjóðurinn veiti einungis lán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms héraendis og til tiltekins sérnáms. Sjá nánar skýrslu Ríkisendurskoðunar [Lánasjóður íslenskra námsmanna. Lánshæfi náms og þróun útlána](#) (2011).

Farið verði að lögum um LÍN eða þeim breytt

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur lýst því yfir að frá og með námsárinu 2015–16 verði lánveitingar til frumgreinanáms lagðar af liggi þá ekki fyrir fullnægjandi lagaheimild til þess. Að mati Ríkisendurskoðunar ber mennta- og menningarmálaráðuneyti að tryggja að farið sé að lögum um sjóðinn eða beita sér fyrir því að þeim sé breytt. Samkvæmt endurskoðaðri þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna liggi fyrir ekki síðar en 26. mars 2015. Mikilvægt er að sú áætlun standist og að Alþingi taki skýra afstöðu til málsins.



Ríkisendurskoðun - Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 - 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is - www.rikisendurskodun.is